

Miðvikudaginn 15. maí 1968.

Nr. 201/1967. **Jónas Guðlaugsson**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Kristjáni Júlíussyni og gagnsök

(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vixilmál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 11. marz 1967 verði dæmd ómerk „og lagt verði fyrir héraðsdómarann að veita frest þann, sem beðið var um. Þá er krafizt ómerkingar á úrskurði fógeta-
réttar Sauðárkróks uppkv. 8. ágúst 1967. *Til vara* er kraf-
izt sýknu og synjunar um framgang fógétagerðar. *Máls-
kostnaðar* samkvæmt mati Hæstaréttar er krafizt í báðum
tilvikum“.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar. Gerir hann þær dómkröfur, að hinar áfrýjuðu dómsathafnir, dómur og fjárnámsgerð, verði staðfestar og svo að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum máls-
kostnað fyrir Hæstarétti.

Engin efni eru til að sinna aðalkröfu aðaláfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda máls-
kostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Jónas Guðlaugsson, greiði gagnáfrýj-

anda, Kristjáni Júlíussyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður, Laugavegi 27, Reykjavík, f. h. Kristjáns Júlíussonar smíðs, Hrisateigi 13, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. f. m., gegn Jónasi Guðlaugssyni verksmiðjustjóra, til heimilis að Smáragrund 3, Sauðárkróki, til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 150.000.00.

Fyrir bæjarþinginu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 150.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 5. júní 1965 og 1% dráttarvöxtum (vanskilavöxtum) á hverjum mánuði frá þeim tíma til greiðsludags, kr. 360.00 í stimpilkostnað. Svo er krafizt sakarkostnaðar að mati dómsins. Þá er og krafizt viðurkenningar á 3. veðrétti og uppfærslu á eftirtöldum verðmætum í vörzlu stefnda:

1. Bandsög, Umf. Ruhla m/rafh., hö. 1.4, nr. 63164.
2. Hefli, T. S. 58-4814 m/rafh. Mez., hö. 4.5, nr. 6190123.
3. Borvél, T. S. 601143 m/rafh. Mez., nr. 8437011.
4. Rennibekk, Andry Chowka.
5. Rennibekk, D. L. Z. 355-3692 m/rafh., hö. 4.5.
6. Vélsög, Emil Schutz 38/377/5262 m/rafh., hö. 0.75.
7. Rennibekk, Niensted & Co., m/rafh. Meg., hö. 4.
8. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh., nr. 17171613.
9. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh. Vem., nr. 171717/60.
10. Pressu, sjálfsmíði, hydróliskri, sjálfskiptri, 200 tonn m/rafh. Veb., hö. 15 og 0.25, nr. 57/55396 og 103339/58.
11. Herzluofni, gaskyntum, ásamt 2 gashylkjum.
12. Málmhúðunartæki, m/6 baðkerum og sérstakri húðunarvél.
13. Höggpressu, sjálfsmíði, 25—30 tonn m/rafh. Vem., 2.2 hö.
14. Höggpressu, special, sjálfsmíði, 10 tonn m/rafh. Vem., hö. 5.5.
15. Höggpressu, Benkmaster, m/rafh. Vem., hö. 1.5.
16. Púnktsuðuvél, B. IV.

Umræddur víxill er, svo sem fyrr segir, að fjárhæð kr. 150.000.00. Víxillinn er útgefinn 29. september 1961 af stefnanda, en samþykktur til greiðslu af stefnda hinn 1. október 1962.

Greiðslustaður víxilsins er Búnaðarbanki Íslands í Reykjavík. Á gjalddaga var víxillinn eigi greiddur og hefur eigi fengizt greiddur síðar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í þá átt.

Samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 29. september 1961 af stefnda, var greiðsla víxilsins tryggð með 3. veðrétti og uppfærslurétti í ofangreindum tækjum.

Mál út af víxli þessum var fyrst höfðað með stefnu, birtri 17. júlí 1965, til þingfestingar 2. sept. 1965. Dómur gekk í málinu í héraði hinn 14. maí 1966. Í þeim dómi voru allar kröfur sóknaraðilja teknar til greina. Varnaraðili áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar, og gekk dómur þar hinn 1. febrúar 1967. Með þeim dómi var málinu vísað frá héraðsdómi og héraðsdómurinn ómerktur.

Stefnandi kveður víxilréttinn enn í fullu gildi, því að með stefnubirtingunni hinn 17. júlí 1965 hafi fyrningu víxilréttar gagnvart varnaraðilja verið slitið og fyrning hafi eigi hafizt að nýju fyrr en að gengnum dómi Hæstaréttar. Stefna í máli þessu var birt 6. febrúar 1967, svo sem áður greinir, og var þá fyrningu slitið á ný, sbr. 11. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Er mál þetta var þingfest hinn 28. febrúar 1967, var sótt þing af hálfu stefnda. Fékk umboðsmaður stefnda viku frest til ritunar greinargerðar.

Er málið kom fyrir á nýjan leik hinn 7. þ. m., óskaði umboðsmaður stefnda enn eftir viku fresti í sama skyni. Því var neitað af hálfu umboðsmanns stefnanda, og var það atriði því tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnda.

Með úrskurði, uppkveðnum 11. marz 1967, var frestbeiðninni synjað. Var málið síðan dómtekið 14. þ. m., og var þá ekki sótt þing af hálfu stefnda.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 er mál þetta dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins svo og tryggingarbréfsins, sem koma heim við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina, enda voru varnir þær, er umboðsmaður stefnda byggði á í fyrra málinu hér fyrir dóminum, ekki þess eðlis, að þær yrðu hafðar uppi í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Málskostnaður ákveðst kr. 17.900.00.

Magnús Thoroddsen, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindur veðréttur er staðfestur.

Stefndi, Jónas Guðlaugsson, greiði stefnanda, Kristjáni Júlíusssyni, kr. 150.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 5. júní 1965 og 1% dráttarvöxtum (vanskilavöxtum) á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 360.00 í stimpilkostnað og kr. 17.900.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámserð fógetadóms Sauðárkróks 8. ágúst 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 8. ágúst, var fógetadómur Sauðárkróks settur í skrifstofu embættisins og haldinn af Halldóri Þ. Jónssyni, fulltrúa bæjarfógeta, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið nr. 19/1967: Kristján Júlíusson gegn Jónasi Guðlaugssyni.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður og leggur fram: nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit af dómi bæjarþings Reykjavíkur.

Skjölin eru svohljóðandi.

Varnaraðili sækir sjálfur þing.

Aðiljar samþykkja, að gerðin fari fram hér í skrifstofunni.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að fjárnám fari fram í eignum þeim, sem veðréttur er viðurkenndur í samkvæmt dómnum, til tryggingar dómskuldinni, kr. 150.000.00, með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 5. júní 1965 og 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 360.00 í stimpilkostnað og kr. 17.900.00 í málskostnað auk kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti skoraði á gerðarþola að greiða kröfuna, en það kvaðst hann eigi gera, enda telji hann kröfuna þegar greidda.

Fógeti lýsti því yfir, að fjárnám væri gert til tryggingar framangreindum kröfum í eftirtöldum eignum gerðarþola, sem veðréttur er viðurkenndur í samkvæmt dómi fyrir kröfunni:

1. Bandsög, Umf. Ruhla m/rafh., hö. 1.4, nr. 63164.
2. Hefli, T. S. 58-4814 m/rafh. Mez., hö. 4.5, nr. 6190123.
3. Borvél, T. S. 601143 m/rafh. Mez., nr. 8437011.
4. Rennibekk, Andry Chowka.
5. Rennibekk, D. L. Z. 355-3692 m/rafh., hö. 4.5.
6. Vélsög, Emil Schutz 38/377/5262 m/rafh., hö. 0.75.

7. Rennibekk, Niensted & Co., m/rafh. Mez, hö. 4.
 8. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh., nr. 17171613.
 9. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh. Vem., nr. 171717/60.
 10. Pressu, sjálfsmíði, hydrólískri, sjálfskiptri, 200 tonn m/rafh. Veb., hö. 15 og 0.25, nr. 57/55396 og 103339/58.
 11. Herzluofni, gaskyntum, ásamt 2 gashylkjum.
 12. Málmhúðunartæki, m/6 baðkerum og sérstakri húðunarvél.
 13. Höggpressu, sjálfsmíði, 25—30 tonn m/rafh. Vem., 2.2 hö.
 14. Höggpressu, special, sjálfsmíði, 10 tonn m/rafh. Vem., hö. 5.5.
 15. Höggpressu, Benkmaster, m/rafh. Vem., hö. 1.5.
 16. Púnktuðuvél, B. IV.
- Fallið er frá virðingu.
- Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola.
- Gerðarþoli upplýsti, að munir þessir væru geymdir í verk-smiðju hans hér á Sauðárkróki.

Miðvikudaginn 15. maí 1968.

Nr.6/1968. **Jósafat Arngrímsson og Áki Gränz**
 (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Jóni Sveinssyni og Birgi Þorvaldssyni
og gagnsökn
 (Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1968 og gert þær dómkröfur, að gagn-áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim óskipt kr. 3.116.742.02 með 7% ársvöxtum frá 21. október 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.